



## 1198. Stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 8. janúar 2020, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Anna Þóra Ísfold, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Frá Þróunarsviði VR þær Árdís Birgisdóttir fagstjóri markaðsmála og viðburða VR og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir fagstjóri starfsmenntamála VR.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1197. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1197. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Sviðskynning – Þróunarsvið VR

Árni Leósson sviðsstjóri Þróunarsviðs VR ásamt fagstjórunum Árdísi Birgisdóttur og Sólveigu Lilju Snæbjörnsdóttur kynntu nú helstu verkefni sviðsins ásamt því sem helst er á döfinni á sviðinu um þessar mundir.

Í máli þeirra kom m.a. fram að verkefni sviðsins eru mjög fjölbreytt þar sem ber hæst umsjón með auglýsingum, viðburðum, net og netmiðlar, VR blaðið, trúnaðarmenn, kynningar, fræðsla, umsjón með LÍV og starfsmenntamál þ.á.m. utanumhald greiðslu styrkja starfmenntasjóða ofl. því tengt. Er þá aðeins tæpt á helstu atriðum því fjöldi annarra verkefna stórra sem smárra er sinnt á þessu sviði félagsins.

Um þessar mundir eru helstu verkefni tengd styttingu vinnuvikunnar, breytingar á vef, undirbúningi könnunar um Fyrirtæki ársins, undirbúningi stjórnarkosninga og eftirfylgni með námi tengdu verslun og þjónustu bæði á framhaldsskóla- sem og háskólastigi sem VR hefur átt frumkvæði að.

Þá kom fram að átta starfsmenn eru starfandi á sviðinu.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum þakkaði Ragnar Þór starfsmönnum fyrir kynninguna og þær Árdís og Sólveig Lilja véku þá næst af fundi kl.18:30.

### 3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að ekki hefði mikið gerst frá síðasta fundi en þó væru nú komin fram frumvarpsdrög fyrir leiguvernd þar sem Magnús Norðdahl lögmaður ASÍ hafi staðið vaktina með miklum sóma og sýnist honum sem um mikla réttarbót sé að ræða fyrir leigjendur þar sem öryggi þeirra eykst til muna. Vonandi verði þetta afgreitt á vorþingi.

Það er annars góður gangur í flestum málum er snerta kjarasamninginn. Gjaldskrárhækkanir eru okkur þó áhyggjuefni en hagdeild VR er með rafræna vöktun á hækkunum og einnig fylgst með hjá ASÍ.

Miðstjórnarfundur var í dag og var gert samkomulag um samstarf vegna forsenduákvæðanna og er það á svipuðum nótum og var árið 2010.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að kjaraviðræður væru í gangi hjá Norðurál en minni hreyfing væri á viðræðum við ÍSAL.

### 4. Aðgerðaráætlun framtíðarnefndar VR

Friðrik Boði lagði fram skjalið „Aðgerðaráætlun Framtíðarnefndar VR“ og fór yfir efni þess á slæðum en um voru að ræða drög að aðgerðaráætlun VR varðandi hvert vinnumarkaðurinn stefnir í kjölfar hraðra breytinga í tækni og viðskiptaumhverfi í fjórðu iðnbyltingunni. Tillögur að aðgerðum byggja á umræðum framtíðarnefndar VR sem farið hafa fram á fundum og á vinnufundi nefndarinnar. Þetta er hér lagt fram til samþykktar fyrir stjórn VR og er sem hér segir:

- a. Kannanir um viðhorf til breytinga á störfum til félagsmanna og stjórnenda.
- b. Ráðstefna um atvinnulýðræði.
- c. Könnun á viðhorfi félagsmanna til atvinnulýðræðis.
- d. Ráðstefna: Breytt störf, ný tækifæri.
- e. Stafrænt hæfnihjól, fagnám og raunfærnimat og símenntun. Vinna með starfsmenntanefnd.
- f. Útfærsla að atvinnulýðræði.
- g. Þingsályktunartillaga um atvinnulýðræði verði samþykkt.
- h. Kynning á rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækis þar sem starfsfólk hefur mikil áhrif. t.d. Kolibri.
- i. [www.vr.is/framtidin](http://www.vr.is/framtidin)
- j. Þekkingaröflun á breytingum sem verða á starfsgreinum félagsmanna.
- k. Undirbúa aukna styttingu vinnuvikunnar í næstu kjarasamningum

Ofangreindar aðgerðir eru hugsaðar sem áætlun til eins og hálfis árs frá vori 2020 til hausts 2021.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór ofangreindar tillögur um aðgerðaráætlun upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Skipun í Úrskurðarnefnd VR

Stefán lagði fram skjalið „Úrskurðarnefnd – minnisblað um störf og skipun“ dags. 3. janúar 2020 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að Úrskurðarnefnd VR starfar eftir reglum sem samþykktar voru af stjórn VR í maí 2015 en hlutverk nefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Í Úrskurðarnefnd VR eru aðalmenn: Árni Leósson, Bryndís Guðnadóttir, Ragnar Þór Ingólfsson. Til vara: Guðmundur B. Ólafsson, Hildur Margrét Hjaltested og Kristín María Björnsdóttir.

Skv. 2. gr. reglna úrskurðarnefndar skipar stjórn VR þrjá menn í nefndina og þrjá til vara til tveggja ára. Gerð er tillaga um óbreytta aðal- og varmenn í úrskurðarnefnd VR eins og hér að ofan greinir.

Stefán sagði að á síðasta ári hafi 5 fundir verið haldnir í nefndinni og úrskurðað í málum 8 félagsmanna og nefndi hann nokkur dæmi um kærur sem nefndin úrskurðaði um.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu að Úrskurðarnefnd VR yrði skipuð óbreytt til næstu tveggja ára.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Tillögur að breytingum á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR, vegna breytinga á lögum um ökutækjatrýggingar.

Stefán lagði fram skjalið „Minnisblað um breytingar á lögum um ökutækjatrýggingar“ dags. 2. Janúar 2020 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að þann 1. janúar 2020 tóku í gildi ný lög um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Í 2. mgr 11. gr. þeirra laga kemur fram að ökutæki sem eingöngu eru ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki eru undanþegin váttryggingaskyldu. Um er að ræða

mótorhjól, fjórhjól, sexhjól, vélsleða og jafnvel einhver fleiri tæki.

Um er að ræða breytingu þar sem áður var skylt að tryggja ökumann á slíkum tækjum. Þar sem slík breyting getur haft áhrif á greiðslur úr Sjúkrasjóði VR þar sem tekið er fram að sjúkradagpeningar og slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa af völdum vélknúinna ökutækja þar sem er lögbundin trygging er nú lagt til að við þessu sé brugðist með viðeigandi breytingum á Starfsreglum sjóðsins.

Breytingarnar sem lagðar eru til taka til 2. gr. og 4. gr. Starfsreglna Sjúkrasjóðs VR og eru eftirfarandi þar sem breytingar eru í rauðu lettri:

## **2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar**

.....

Sjúkradagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 30/2019.** Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir Sjúkrasjóður VR ekki slysadagpeninga sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.

## **4. gr. Slysabætur**

.....

4.4 Slysabætur skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 30/2019.** Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir Sjúkrasjóður VR ekki slysabætur sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreindar breytingartillögur á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Könnun um mögulegt framboð verkalýðshreyfingarinnar til Alþingis, niðurstöður.**

Ragnar Þór lagði fram skjalið „VR Spurningavagn MMR – afstaða til stjórn málafls – Desember 2019“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Ragnars Þórs kom m.a. fram að könnunin hafi farið fram dagana 13. – 19. desember 2019 þar sem þátttakendur 18 ára og eldri hafi verið valdir af handahófi en 2014 einstaklingar svöruðu könnuninni.

Helstu niðurstöður eru þær að 33% aðspurðra voru frekar eða mjög hlynntir



Því að verkalýðshreyfingin stofni stjórn málafl og bjóði fram í næstu alþingiskosningum. Þá töldu 23% frekar eða mjög líklegt að þeir myndu kjósa slíkt stjórn málafl í næstu kosningum.

Ragnar Þór sagði þetta ánægjulega niðurstöðu og að þessar upplýsingar mætti nota sem tæki ef stjórnvöld ætla ekki að bjóða okkur uppá raunhæfar lausnir.

Umræður.

Ragnar Þór bar nú upp til atkvæða þá tillögu hans að hann fái umboð til að ræða þessar niðurstöður og kynna formlega fyrir Miðstjórn ASÍ.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 20:30

Árni Leósson, fundarritari